

Skipulagsstofnun,
skipulagsstjóri,
Stefán Thors,
Laugavegi 166,
150 Reykjavík.

Akureyri, 24.04.06

Erindi frá Skógrækt ríkisins um samstarf og upplýsingar um aðalskipulag sveitarfélaga og skipulagsbreytingar sem snerta skóg og skógrækt.

Með bréfi þessu óskar Skógrækt ríkisins eftir því við Skipulagsstofnun að stofnunin hlutist til um að koma á föstu og formlegu upplýsingasambandi við Skógrækt ríkisins um mál er varða meðferð skóga, skógræktarsvæða og eyðingu skóga eða breytingu á landnýtingu skógræktarsvæða í skipulagstillögum sveitarfélaga.

Samkvæmt lögum um skógrækt (nr. 3/1955) er Skógrækt ríkisin ætlað það hlutverk að hafa eftirlit um meðferð skóga og kjarrs á Íslandi.

Við gerð aðalskipulags sveitarfélaga og við skipulagsbreytingar sem snerta skóga og skógrækt ber samkvæmt fyrrnefndum lögum að leita umsagnar Skógræktar ríkisins. Á þessu virðist vera nokkur misbrestur. Skógrækt ríkisins óskar eftir að Skipulagsstofnun hlutist til um að koma þessum málum í fastar skorður.

Rannsóknastöð Skógræktar ríkisins á Mógilsá hefur með höndum skráningu og upplýsingaöflun varðandi bindingu og losun kolefnis skóglenda og skógræktar í landinu. Einn þáttur í því er að fylgjast með og skrá skógareyðingu og meta losun kolefnis frá slíkum svæðum. Erfitt hefur reynst að fá yfirsýn yfir skógareyðingu hér á landi enda margir og óskildir aðilar sem bera ábyrgð á framkvæmdum sem hafa í för með sér skógareyðingu. Helstu framkvæmdir sem hér um ræðir eru: nýbyggingaframkvæmdir og vegagerð í bæði eldri skóglendum ungum gróðursetningum.

Skógrækt ríkisins óskar eftir fundi með Skipulagsstofnun við fyrsta tækifæri til þess að ræða þessi mál.

F.h. Skógræktar ríkisins

Hallgrímur Indriðason
skógræktarráðunautur

*Skógrækt ríkisins, skógræktarráðunautur,
Gamla Gróðrarstöðin, Krókeyri, 600 Akureyri
sími 461-5644 og 865-5908
hallgrimur@skogur.is*